

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5. júlí 2024
Málsnúmer: 202405-0023
LA

Efni: Umsögn um umhverfismat vegna stækkun Straumsvíkurhafnar

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 17. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismat vegna stækkun Straumsvíkurhafnar í Hafnarfirði. Náttúrufræðistofnun sótti um frest til að skila umsögn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og gerir eftirfarandi athugasemdir við mat á þeim umhverfispáttum er varða hlutverk stofnunarinnar.

Stækkun Straumsvíkurhafnar miðar að því að skapa rekstrargrundvöll fyrir fyrirtækið Coda Terminal og verður kappkostað við að klára 1. áfanga hafnarmannvirkis þannig að hægt sé að taka við kolefnisförmum árið 2027 til niðurdælingar í hraun ofan við Straumsvík. Áfangar 2 og 3, sem koma til með að þjóna annarri starfsemi, s.s. vöruflutningum, verða tilbúnir síðar. Áætlað er að fullbyggt hafnarsvæði, með þremur bökkum, taki að jafnaði á móti fjórum skipum á viku. Á fyrsta heila starfsári Coda Terminal er gert ráð fyrir 13 skipum með allt að 24.000 tonna farm hvert. Skipakomum fer síðan fjölgandi og er áætlað að þær verði yfir 40 á ári 2029 og 2030 og verða síðan allt að 125 skipakomur á ári eftir 2032.

Straumar, öldufar og setflutningar. Umhverfismat: Óverulega neikvæð áhrif

Í matsferlinu breyttist fyrirhuguð tímaröð um uppbyggingu varnargarðsins og stendur nú til að byrja á gerð varnargarðs fyrir miðju, vinna hann fyrst til norðaustur og síðar til suðvesturs. Þetta varð til þess að gera þurfti nýja útreikninga á áhrifum setflutninga (sviflausna) í sjó.

Fram kemur í minnisblaði Vatnaskila dags. 19. apríl 2024:

„Nú er ráðgert að vinna verkið á annan hátt:

- [Aðkomu] Vegur verður byggður upp út frá landi austar
- Uppbygging varnargarðs hefjist við vesturenda aðkomuvegar til norðausturs.
- Þegar því er lokið byggt upp frá vesturenda aðkomuvegarins til suðurs að staðnum við hafnarmynni þar sem áður var áætlað að byggingin myndi hefjast.

Samkvæmt áætluninni nú verður því endað þar sem áður átti að byrja. Þetta leiðir til þess að straumsvið verður annað þegar efni er losað nærri víkurmynninu og straumaðstæðurnar gætu virst óhagstæðari fyrir dreifingu efnis inn í vikina.“

Í niðurstöðum minnisblaðs Vatnaskila kemur fram að við þessar breytingar muni hæsti mögulegur styrkur efnis í sviflausn í Straumsvík hækka úr 5-6 g/m³ í 6-7 g/m³, það er í tilviki án öldu og með finustu kornastærð.



Náttúrufræðistofnun vill benda á að um er að ræða útreikninga sem gefa vísbendingar um dreifingu setefna í sjó, sviflausn, miðað við gefnar forsendur, en fram kemur í skýrslu Vatnaskila að kornastærðardreifing og magn efnis sem berst í sjó við gerð varnargarðs og landfyllinga er óþekkt stærð. Þá er Straumsvík í góðu skjóli og þar gætir ekki mikillar öldu. Náttúrufræðistofnun telur að með breyttri tímaröðun á uppbyggingu hafnarinnar sé hætt á að áhrif setflutninga í sjó komi til með að vara lengur yfir framkvæmdartíman miðað við upphaflega áætlun og þá sérstaklega í Straumsvík, með ófyrirséðum afleiðingum á lífríki.

Náttúrufræðistofnun telur mjög jákvætt að samhliða framkvæmdum verður komið fyrir búnaði við hafnargarðinn til að mæla setefni í sjó til þess að geta brugðist við neikvæðum áhrifum þess Viðbragðsáætlunin felur í sér að stöðva framkvæmdir tímabundið og endurmeta verklag.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að enn er ákveðin óvissa um setflutninga í sjó vegna hafnarframkvæmda sem gæti haft talsverð eða jafnvel veruleg neikvæð áhrif.

Vatnafar og lífríki fjöru, sjávar og tjarna. Umhverfismat: Óverulega neikvæð áhrif

Í umhverfismati fyrir lífríki í fjöru og sjó fyrir Straumsvík og Hraunavík var stuðst við fyrirliggjandi rannsóknir frá 1990- 1998 og 2002 og skýrslu frá 2022 er varðar lífríki tjarna við Straumsvík. Ekki var talin þörf á frekari rannsóknum í sjó og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda var ekki talin hafa áhrif á lífríki tjarna. Fram kemur að þaraskógur og botndýralíf séu mjög svipuð í Straumsvík og Hraunavík og að um sé að ræða algenga vistgerð við strendur landsins. Hins vegar er klóþangsfjara í Straumsvík með mjög hátt verndargildi og í Hraunsvík er skúfþangsfjara með miðlungs verndargildi.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við að ekki sé staðfest með úttekt í umhverfismatsskýrslunni að innan framkvæmdasvæðisins sé núverandi ástand lífríki sjávar áþekkt því sem það var fyrir um 20 árum. Á þessu rúmlega 20 ára tímabili hafa aukist umsvif álversins í Straumsvík, þ.m.t. förgun kerbrota í flæðigryfjur, og jafnframt hefur á tímabilinu verið byggt upp iðnaðarsvæði sunnan við álverið þar sem margskonar starfsemi fer fram með aukinni hættu á að mengunarefni berist þaðan út í sjó með grunnvatnsstraumum.

Í umhverfismatsskýrslu er vitnað í skýrslu álversins frá 2020 um umhverfisvöktun sem hefur staðið yfir frá 2018. Þar stendur:

„Staðsetning sýnatökustaða er skammt undan landi í Hraunavík, utan við kerbrotagryfjur Rio Tinto, og hefur sýnum verið safnað sumar fram á haust (mynd 9.4). Niðurstöður mælinga á næringarefnum eru almennt í samræmi við þau náttúrulegu skilyrði sem ríkja í sjónum undan álverinu á þessum árstíma (lægri styrkur en vetrargildi sjávar við Ísland). Vísbending er þó um uppsprettur á nitrati, nitríti, fosfati og ammoníaki á svæðinu frá kerbrotum rafgreiningakerja í kerbrotagryfjum.“

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að núverandi ástand lífríkis í fjöru og sjó sé vel rannsakað og þekkt í Straumsvík og Hraunavík áður en framkvæmdir við hafnarmannvirki hefjast. Slíkar rannsóknir koma til með að nýtast við vöktun á ástandi sjávar í framtíðinni. Lífríki sjávarbotns og fjöru mun skerðast staðbundið vegna hafnarmannvirkis og meðan á framkvæmdartíma stendur verða neikvæð áhrif á lífríki sjávar, eins og fram kemur í skýrslunni.



Áætlaðar eru 125 skipakomur á ári þegar hafnarmannvirkið er fullbyggt og er mikilvægt að koma í veg fyrir að framandi lífverur og meinvaldar (veirur og sýklar) geti borist með kjölfestuvatni inn á strandsvæðið. Náttúrufræðistofnun mælist til þess að sett sé fram vöktunaráætlun um lífríki sjávar við Straumsvík og Hraunavík og að til sé aðgerðaráætlun þannig að hægt sé að bregðast við séu vísbendingar um hnignun vistkerfis sjávar.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að óvissa er um áhrif framkvæmda á lífríki sjávar innan framkvæmdarsvæðisins vegna skorts á nýlegum rannsóknum. Þó er talið að framkvæmdin muni hafa talsverð neikvæð áhrif á lífríkið meðan á framkvæmdartíma Straumsvíkurhafnar stendur og skerða lífríki hafsbotnsins sem fer undir hafnarmannvirkið.

Lífríki á landi. Umhverfismat: Óveruleg til talsvert neikvæð áhrif

Í umhverfismatskýrslu var ekki gerð vettvangsúttekta á gróðri eða vistgerðum en stuðst var við upplýsingar úr skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá 2018 sem unnin var í tengslum við umhverfismat framkvæmda við Suðurnesjalínu 2. Framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu skarast ekki mikið við framkvæmdasvæði Straumsvíkurhafnar og einungis ein stöð, S16, er í nálægð við stækkun Rauðamelsnámu sem er sú framkvæmd sem munu hafa mest neikvæð áhrif á gróðurfar. Ekki hefur verið gerð úttekt á gróðri við veginn frá Gerði að Rauðamelsnámu, en gert er ráð fyrir að vegurinn, sem er í dag 5-7 m breiður, komi til með að verða um 10 m breiður til að flutningabílar geti mæst á veginum. Sitt hvoru megin verða eins metra fláar og er miðað við að röskun á landi fari ekki yfir 12 m nema í undantekningartilvikum.

Ríkjandi vistgerðir í nálægð Rauðamelsnámu eru lynghraunvist og kjarrskógavist sem er verðmæt vistgerð með birkikjarri og sums staðar ríkulegum undirgróðri. Í áðurnefndri skýrslu og úttekt Náttúrufræðistofnunar 2018, reyndust flestar æðplöntutegundir vera við Rauðamel, stöð S16, eða samtals 72 skráðar tegundir.

Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á að í hrauninu við Straumsvík, og þá einkum hraungjótur, séu búsvæði fágætra plantna og eru sumar þeirra á valista t.d. ferlaufungur og fléttan búldubreyskja, sem báðar hafa fundist við Straumsvík. Í nálægð Rauðamelsnámu vex fjölbreyttur og gróskumikill blóm- og burknagróður.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að æskilegt væri að plöntutegundir á framkvæmdasvæðinu við Rauðamelsnámu og við Rauðamelsveg séu skráðar og fundarstaðir fágætra tegunda kortlagðir. Á þessu svæði verður mest skerðing á gróðri og vistgerðum og hefur framkvæmdin því talsverð neikvæð áhrif.

Jarðminjar. Umhverfismat: Verulega neikvæð áhrif

Við stækkun Straumsvíkurhafnar verður einna mest rask á jarðminjum við Rauðamelsnámu þar sem sækja á um 1.340.000 m³ af stórgryti í varnagarða. Rauðamelur var upphaflega gjallhóll (-ar), gervigígur, sem var umlukinn hrauni, en er nú horfinn að mestu vegna efnistöku á seinni hluta síðustu aldar. Leifar gervigígsins hefur þrátt fyrir það ákveðið verndargildi, ekki síður en Rauðhólarnir í Reykjavík. Engin efnistaka hefur verið í Rauðamelsnámu í um 50 ár.

Hrútagjárdyngjuhraun er metið hafa mjög hátt verndargildi og í hrauninu eru tilkomumiklir rishólar sem einnig gefa hátt gildi fyrir landslag. Hraunið er líklega besta dæmið um helluhraun í nálægð höfuðborgarsvæðisins og hefur hátt fræðslu- og vísindagildi. Þetta víðfeðma hraun úr



Hrútagjárdyngju er að mestu óraskað fyrir utan rask vegna Rauðamelsnámu og Reykjanesbrautar. Fyrirhuguð efnistaka úr Rauðamelsnámu mun stækka núverandi námu um 16,8 ha og raska tilkomumiklum rishólum. Þá verður um 1,6 ha rask á hraunum vegna breikkun námuveggar sunnan Reykjanesbrautar.

Í umhverfismatsskýrslu eru tilgreindar sex námur til mögulegrar efnistöku, en sumar þeirra henta ekki þar sem leitað er eftir stórgrýti í hafnarmannvirki og var Rauðameslnáma talin hagkvæmasti kosturinn í könnun sem gerð var 2022. Eingöngu er fjallað um Rauðamelsnámu í viðauka umhverfismatsins. Í matsáætlun, febrúar 2024, benti Náttúrufræðistofnun á að skoða mætti fleiri möguleika með það í huga að hlífa svæðinu umhverfis Rauðamelsnámu við frekara raski og að fjarlægðir í efnistökuastað ætti ekki að vera afgerandi þáttur um efnistöku ef vilji er fyrir því að vernda svæði.

Náttúrufræðistofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin á jarðminjar mun hafa veruleg neikvæð áhrif.

Ásýnd og landslag. Umhverfismat: Talsvert neikvæð áhrif

Stækkun Straumsvíkurhafnar mun hafa mikil áhrif á ásýnd og landslag svæðisins við Straumsvík og hafnarmannvirkið mun sjást víða að. Stækkun Rauðamelsnámu kemur til með að raska samfellu í landslagi og heildarásýnd hrauna breytast sunnan við Reykjanesbraut. Þá má reikna með að upplifun útivistarfólks á svæðinu við Rauðamelsnámu breytist.

Náttúrufræðistofnun tekur undir mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin á ásýnd og landslag muni hafa talsvert neikvæð áhrif.

Samantekt

Heildaráhrif stækkunar Straumsvíkurhafnar mun hafa talsvert neikvæð áhrif á náttúruafar. Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að fylgst verður með setefnum (gruggi) í sjó á framkvæmdartíma þannig að hægt sé að bregðast við neikvæðum áhrifum þess. Náttúrufræðistofnun telur að í umhverfismatsskýrslu hefði mátt gera betur grein fyrir lífríki sjávar við Straumsvík og Hraunavík sem hefði geta nýst sem útgangspunktur vöktunar á breytingum í sjó og fjöru samfara aukinni skipaumferð og iðnaðarstarfsemi í nálægð hafnarinnar. Þá hefði verið æskilegt að gera úttekt á fundarstöðum fágætra plöntutegunda við Rauðamelsnámu, þeir skráðir og kortlagðir. Framkvæmdin mun hafa mikil áhrif á ásýnd og landslag svæðisins og efnistaka í Rauðamelsnámu mun hafa óafturkræf áhrif á jarðminjar með hátt verndargildi.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

